Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



GERIST ÁSKRIFENDUR 27810

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

2. tölublað | Þriðjudagur 25. jan. 1977 | 6. árgangur | verð kr. 100

Uppsagnir hjá Breiðholt h/f bætast við atvinnuleysi trésmiða



Flestir trésmiðir sem vinna hjá Breiðholti h/f hafa fengið uppsögn frá og með 1. febrúar. Þessir menn vinna við nýbyggingar við Fellsmúla, Háaleitisbraut og í Mosfellssveit, alls um það bil 40 manns.

Okkur var tjáð þegar við töluðum við þá, að ástæða uppsagnanna væri sú, að erfiðleikar væru með rekstrarfé og að byggingarfélagið hefði ekki fengið úthlutað lánum. Þessvegna er sleginn sá varnagli að segja mannskapnum upp, ef fyrirtækið fær ekki nóg verkefni fyrir 1. febrúar.

Við verkamenn búum við stöðugt atvinnuóöryggi, því fyrirtækin eru rekin með gróðasjónarmiði fárra eigenda að leiðarljósi. Byggðar eru íbúðir og annað húsnæði í það litlum mæli að hægt er að halda verðinu háu, en ekki er hugsað um að uppfylla raunverulega þörf fólks á húsnæði. Ekkert heildarskipulag er til um húsnæðisþörfina, hvað þá áætlun um að útrýma húsnæðisskortinum og heilsuspillandi húsnæði. Framkvæmdir byggingarfélaga ríkisins og sveitarfélaga taka ekki mið af því að tryggja atvinnuöryggi verkafólksins.

Eina raunhæfa lausnin til að berjast gegn þessum meinsemdum auðvaldsþjóðfélagsins er að afnema það og taka upp baráttu fyrir sósíalismanum, þjóðfélagi sameignar framleiðslunnar. Þar eru fyrirtækin rekin af verkafólkinu með hagsmuni alls vinnandi fjölda að leiðarljósi. Gott dæmi um slíkt er Kína þar sem að verkalýðsstéttin er við völd. Þar þekkjast ekki uppsagnir eða gróði einstaklinga á vinnu annara.

Verkamenn fram til baráttu gegn atvinnuleysi og uppsögnum, - niður með auðvaldsskipulagið!

BSK/-

Frá fundi um lífeyrissjóð Hlífar

Straumsvík 10. janúar 1977

Til stjórnar lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar,
Stjórnar verkamannafélagsins Hlífar,
stjórnar verkakvennafélagsins Framtíðin.

Frá: Vakt IV, Straumsvík.

Mánudaginn 10. janúar héldu verkamenn á vakt IV í Straumsvík fund um lífeyrissjóðsmál Hátt í þrjátíu verkamenn sóttu fundinn. Miklar og málefnalegar umræður urðu á fundinum, sem stóð í 2 1/2 klst.

Á fundinum kom m.a. fram alvarleg ádeila á stjórn Lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar fyrir villandi upplýsingar í lánamálum sjóðsins og slóðaskap í útsendingu á yfirliti yfir iðgjaldagreiðslur

Deilt var á stjórn V.m.f. Hlífar fyrir að fylgjast ekki nógu vel með lífeyrissjóðsmálunum í heild.

Samþykkt var einróma á fundinum að ef allir sjóðsfélagar eigi að fá sama lífeyri úr sjóðnum, þá verði iðgjöld að greiðast af brúttólaunum, undantekningarlaust.

Mikil áhersla var lögð á full yfirráð verkafólks yfir lífeyrissjóðunum.

Fundarmenn töldu, að mikið vantaði á að upplýsingar um gang mála hjá lífeyrissjóðnum bærust til sjóðsfélaga.

Ennfremur álítur fundurinn að stjórn lífeyrissjóðsins eigi skilyrðislaust, að leita álits sjóðsfélaga þegar um meiri háttar mál er að ræða, s.s. reglugerðabreytingar.

Lífeyrissjóðsmál Hlífar í ólestri

Því miður hefur sáralítið verið skrifað um málefni lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna í Stéttabaráttunni. Hér er þó um að ræða mál, sem taka þyrfti til rækilegrar athugunar því í lífeyrissjóðunum eru bundnar stórar fjárfúlgur og og allt ákvörðunarvald í sambandi við ráðstöfun þeirra er í höndum fáeinna manna; annars vegar fulltrúa verkalýðsfélaganna og hins vegar fulltrúa atvinnurekenda. Það hefur t.a.m. komið í ljós, að hluti lífeyrissjóðanna hefur beinlínis verið notaður í þágu atvinnurekenda til að braska með, eins og Alþýðubankamálið er frægt dæmi um, en þar eru eignir margra lífeyrissjóða ávaxtaðir. Þetta á t.d. við um lífeyrissjóð Hlífar og Framtíðarinnar í Hafnarfirði, en formaður Hlífar, Hermann Guðmundsson, var formaður bankaráðs Alþýðubankans, þegar upp komst um fjármálabrask þess banka.

Að undanförnu hefur staða og starf Lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar verið mjög til umræðu meðal verkamanna í Straumsvík, en þeir greiða allir í þennan lífeyrissjóð, hvort heldur þeir eru fullgildir meðlimir í Hlíf, Dagsbrún eða öðru verkalýðsfélagi. Hafa verkamennirnir látið í ljós megna óánægju með starf lífeyrissjóðsins og kemur þar margt til.

Þessi sjóður hefur verið starfandi síðan 1970 og hefur ekkert reikningsyfirlit verið til staðar fyrr en í sumar leið, en því borið við, að vegna ónógs vélakosts Alþýðubankans hafi ekki verið unnt að útbúa reikningsyfirlit fyrr. Þá hefur það og komið í ljós, að þeir verkamenn, er sóttu um viðbótarlán s.l. haust og fengu fögur loforð um slíkt, hafa allir verið sviknir um lánin.

Kröfðust verkamenn fundar um þessi mál og hélt Hlíf fund með verkamönnum í Straumsvík, þar sem stjórn lífeyrissjóðsins mætti. Neitaði hún því að verkamenn hefðu fengið loforð um viðbótarlán og gaf þannig í skyn að þeir færu með rangt mál.

Þar sem ekki áttu allir verkamenn þess kosts vegna vinnu að sækja þennan fund, héldu nokkrir trúnaðarmenn sérstakan fund með einni vaktinni og er greinargerð, er fundurinn sendi frá sér til stjórna verkalýðsfélaganna og lífeyrissjóðsins birt hér til hliðar.

Í þessari greinargerð koma fram meginkröfur verkamanna í Straumsvík varðandi lífeyrissjóðinn. Þó er rétt að geta þess í lokin, til að sýna fram á hversu lífeyrissjóðirnir eru komnir langt frá upphaflegu markmiði sínu, að af 70 millj. kr. sem komu í sjóðinn 1975 voru aðeins 1,2 millj. greiddar til ellilífeyrisþega og í öryrkja- og makabætur.

Það er augljóst mál, að starfsemi lífeyrissjóðanna þarfnast raunhæfrar endurskoðunar, en ein meginforsenda þess er, að atvinnurekendur víki úr stjórnum lífeyrissjóðanna.

SJÓ/-

Krafla hefur verið í sviðsljósinu að undanförnu, vegna aukinnar hættu á gosvirkni og auk þess minnkandi gufu úr borholunum á svæðinu. Þetta ævintýri hefur nú kostað þjóðina margfalt Vestmannaeyjagos og enn er ekki bitið úr nálinni. Kröflunefndin hefur sýnt vítavert gáleysi bæði hvað varðar rannsóknir á virkjunarstaðnum og eins hvað varðar öryggisútbúnað fyrir verkafólkið.

Ófullnægjandi öryggi á Kröflu

Allt lagt undir - öllu tapað?

Áður en virkjunarframkvæmdir hófust á Kröflu, hefðu þurft að fara fram miklu ítarlegri rannsóknir og prófanir, en framkvæmdar voru. Bráðlæti Kröflunefndarmanna olli því, að of snemma var af stað farið og fullmikið tekið upp í sig. Japanskir sérfræðingar sem hér hafa komið, segja að rafaflsvirkjunin að Kröflu sé sennilega sú stærsta í víðri veröld. Hvers vegna var gufuaflsvirkjun ekki reynd annars staðar fyrst áður en ráðist var í slíkar stórframkvæmdir? Og hvers vegna þráaðist Köflunefnd við og lét flytja allar aðalvélar virkjunarinnar strax á staðinn, þegar reikna mátti með eldgosi og verulegum skemmdum á mannvirkjum orkuversins. Sólnes og Arnalds hafa lagt allt undir og þeir mega líka reikna með því að allt tapist, ekki aðeins mannvirki og fjármunir, heldur einnig mannslíf og mannorð þeirra sjálfra. Verði manntjón á Kröflu, verður engum um kennt, nema forvígismönnum virkjunarinnar og iðnaðarráðherra.

Öryggisútbúnaður og menningarþorsti

Almannavarnanefnd ríkisins hefur látið koma upp víðtækum varúðarráðstöfunum á Kröflu. Snemma í haust voru þær reyndar og tilraunin varð til þess að sýna alþjóð fram á að öryggi verkafólksins á Kröflu er einskis metið af hinum framkvæmdaglöðu Sólnes og Arnalds. Sírenur sem setja átti í gang reyndust lokaðar inni, handhafar lyklavaldsins voru fyrir sunnan, veghefla vantaði o.s.frv. Öryggisútbúnaðurinn var fyrir neðan allar hellur. Síðla í nóvember tóku verkamenn eftir því, er þeir komu frá vinnu sinni, að rúta var að leggja úr hlaði með alla yfirmennina á Kröflu innanborðs. Ferðinni var heitið á menningarvöku á Húsavík. Yfirmennirnir sneru aftur um nóttina og höfðu varla hitað upp bælin, þegar skjálftamælar gáfu til kynna, að skjálftavirknin væri komin upp fyrir leyfilegt hámark - staðinn varð að yfirgefa. En þá kom á daginn að yfirmennirnir voru ófærir til að taka ákvörðun um hvað gera skyldi, sökum vínneyslu á menningarvökunni og því tók verkafólkið það til bragðs að sofa í fötunum og vera viðbúið hinu versta.

Hefur ekkert breyst?

Nú þegar skjálftavirknin fór enn yfir leyfilegt hámark, skeður enn hið sama. Veghefilsstjórarnir eru fyrir sunnan, vegheflarnir úr lagi og enginn sem kann á þá. Lyklar eru enn læstir inni og yfirmenn virðast ekki hafa tekið sig á síðan upp var ljóstrað um öryggisleysið í nóvember. Hvað gerist, ef gos hefst með miklu afli og öryggisástandið er eins og það er? Það kallar á mannskaða, sem er fullkomlega óþarfur og algerlega á ábyrgð stjórnanda Kröfluvirkjunar. Slíkt væri hreinlega morð af yfirlögðu ráði, morð í þágu gróðans. Þeir sem bera ábyrgð á öryggisútbúnaðinum munu kallaðir til fullrar ábyrgðar ef til mannskaða kemur. Kröflunefnd hefur þegar kastað óhóflegum fjármunum og erfiði í ævintýramennsku, glæfrastefnu hennar þarf að stöðva. Árangurinn? Jú, 10 MW, sem allt eins gætu horfið fullkomlega ef duttlungum náttúrunnar byði svo við að horfa. Á Kröflusvæðinu er allt mögulegt, meira segja hefur dauð hola tvöfaldað virkni sína, meðan góðar holur hafa þornað algerlega. Þetta sýnir að framkvæmd virkjunarinnar er alveg háð duttlungum náttúrunnar. En þótt hamur eldfjallsins breytist, breytist öryggisútbúnaðurinn ekkert og kæruleysi Kröflunefndarmanna er hið sama.

LEIÐARI

BARÁTTAN Í KÍNA HELDUR ÁFRAM

Eftir dauða Maó formanns, hafa gerst mikil tíðindi austur í Kína. Baráttan gegn andflokksklíku Chiang Ching hefur leitt til mikilla sigra verkalýðsstéttarinnar og leiðsögn flokksins er nú í höndum reyndra og mikilhæfra marxista-lenínista, sem þegar hafa sýnt að þeir megna að færa kenningar Maó formanns út í framkvæmd á styrkan og hiklausan hátt. Hua formaður hefur sannað gildi sitt sem ótvíræður foringi kínverskrar alþýðu, með fumlausri og styrkri leiðsögn í uppgjörinu við fjórmenningana. Borgarapressan á vesturlöndum hefur reynt að gera sér mikinn mat úr atburðunum í Kína og sérstaklega hefur verið lögð áhersla á, að Kína sé að þokast af braut sósíalískrar þróunar og að hægfara hægriöfl séu að taka völdin. En uppgjörið innan miðstjórnar KFK er ekki milli hægri-manna og vinstri-manna, eða milli einstaklinga. Það er barátta tveggja stétta eða tveggja meginstefna í þróun Kína. Sigurinn yfir Chiang-Yao-Chang-Wang klíkunni merkir, að tilraunir til að endurreisa kapitalismann í Kína hafa beðið skipbrot, en að alræði öreiganna hefur tryggt sig í sessi. Umsagnir vestrænna blaða eru mjög á einu máli, þessa dagana um að Teng Hsiao Ping verði endurreistur og jafnvel gerður að forsætisráðherra Kínverska

alþýðulýðveldisins. Þykjast menn sjá, ýmis sólarmerki, sem boði endurnýjuð völd Tengs, og túlka það sem ósigur fyrir stefnu Maó formanns og Menningarbyltingarinnar. En það væri rangt að skoða málin út frá sjónarhóli einstaklingshyggjunnar

og persónubundið. Baráttan gegn Teng Hsiao Ping var háð af því að hann fylgdi borgaralegri stefnu og endurskoðunarstefnu í mörgum mjög mikilvægum málum. Hann neitaði að lúta sameinuðum vilja flokksins - afstöðu meirihlutans. Þess vegna var hann sviptur embættum innan flokksins sem utan, í apríl í fyrra. Teng Hsiao Ping framdi afglöp í fræðum og starfi, en hann framdi ekki glæpi í líkingu við andflokksklíku fjórmenninganna. Þessvegna var honum ekki vikið úr flokknum, en afstaða hans alvarlega gagnrýnd. Sú umræða sem nú fer fram í Kína, fjallar fyrst og fremst um það, hvernig fjórmenningarnir notfærðu sér afglöp Tengs og ranga stefnu, til að ráðast gegn flokknum. ríkinu og ráðandi mönnum eins og Chou En Lai, Mao Tse tung o.fl. Fjórmenningarnir reyndu að notfæra sér baráttuna gegn Teng, til að snúa almenningi gegn Mao formanni og Chou. En þeim mistókst það. Nú er verið að ræða þá reynslu sem kínverskir kommúnistar og almenningur geta dregið af starfsaðferðum fjórmenninganna og leiðrétta þær ranghugmyndir sem þeir byggðu upp í baráttunni gegn Teng. M.a. réðust þeir á alla sem auka vildu framleiðsluna og sökuðu þá um endurskoðunarstefnu og

að þeir færu veg kapitalismans. Slíkar ranghugmyndir þarf að leiðrétta, því sósíalisminn er fremri kapitalismanum, ekki aðeins pólitískt, heldur og á sviði efnahagsins og framleiðslunnar. Uppbygging efnahagsins og sósíalískrar framleiðslu má ekki líða fyrir baráttuna gegn borgarastéttinni. Þvert á móti á árangurinn af baráttunni gegn borgarastéttinni og endurskoðunarstefnunni að birtast í eflingu og aukningu sósíalískrar framleiðslu. Sigurinn í Kína er sigur verkalýðs yfir borgarastétt, en ekki sigur flokksins yfir einstaklingnum.

Kommúnistar velja leið baráttunnar

Þeir fyrrverandi félagar, sem svikust undan merkjum og gengu úr flokknum, hafa nú snúist af offorsi gegn KFÍ/ML. En yfirlýsingar þeirra um að flokkurinn verði brotinn niður eru vindhögg, klíkuskapur og rógur mun ekki brjóta framvarðar sveit verkalýðsins niður. Þessir menn hafa nú í örvæntingu sinni hafið "fjöldauppsagnir" á áskrift blaðsins sem þeir eitt sinn störfuðu við. Og þeim hefur tekist að fá einn mann til að segja Stéttabaráttunni upp, ef nánustu skyldmenni eru undanskilin. Þessi maður er Ari T. Guðmundsson, formaður EIK.

7-menningarnir gugnuðu í baráttunni.

Flestir þeirra sem gengu úr flokknum höfðu áður sýnt óvirka andstöðu gegn uppbyggingu STÉTTABARÁTTUNNAR sem vikublaðs. Undirbúningur fyrrverandi ritnefndar blaðsins fólst í orðum og yfirlýsingum eingöngu. Í desember, meira en hálfu ári eftir að ákveðið hafði verið að breyta STÉTTABARÁTTUNNI í vikulegt málgagn, hafði ritnefnd leystst upp og gífurlegt átak þurfti til að endurskipuleggja blaðið á þessum skamma tíma sem eftir var til áramóta. Forvígismenn 7-menninganna gugnuðu gagnvart þessum verkefnum. Í stað þess að taka starf sitt til gagnrýninnar athugunar og leiðrétta rangan starfsstíl sinn, afréðu þeir að hlaupast brott og reyndu að skella skuldinni á Framkvæmdanefnd miðstjórnar. Á meira en hálfu ári, mistókst 7-menningunum að byggja upp raunhæfa útgáfuáætlun fyrir vikublaðið og snerust á flótta fyrir mótvindunum. Þetta verkefni hafa félagar flokksins hafist handa við að leysa á hálfum mánuði, samkvæmt áætlun framkvæmdanefndar. Mismunurinn er fólginn í þessu: hentistefnumenn flýja af hólmi og taka til sviksamlegra sundrungarbragða, kommúnistar velja leið baráttunnar.

Að treysta fjöldanum eða vera sérfræðingur

Hentistefnumenn bera ekki traust til fjöldans. Þannig höfðu sumir brotthlaupsmennirnir tileinkað sér starfsstíl, sem einkenndist af hroka og geðþótta.

Þeir töldu sig geta hlutina, en töldu aðra félaga klaufska, ófæra og óáreiðanlega. Í rauninni einokuðu þeir starfið oft á tíðum og hrundu nýjum og óreyndum félögum frá starfi og reynslu. Sérþekking er nauðsynleg í flestum störfum, en hún má ekki byggja á borgaralegum uppskafningshætti eða vantrausti á fjöldanum. Kommúnistar verða að sameina traust til fjöldans og sérþekkingu í starfi sínu. En þeir einoka ekki þekkingu sína eða líta niður á þá sem eru óreyndir, heldur kenna og leiðbeina og ala upp nýja starfskrafta. Það er að bera traust til fjöldans og auka þekkingu félaganna. Dæmigert er líka að brotthlaupsliðið vildi ekki láta félaga flokksins ræða gagnrýni sína og fella dóm um réttmæti hennar.

Þessir menn reyndu að hrifsa stjórn flokksins í sínar hendur á landsfundi miðstjórnar, 2.jan 1977, en þegar félagar miðstjórnar neituðu að beygja sig fyrir afarkostum þeirra og vildu skapa umræður meðal félaganna hlupust hentistefnumennirnir á brott frá skyldum sínum og rufu þau heit sem þeir höfðu unnið flokknum og verkalýðsstéttinni. Þeir settu "alvisku" sína ofar dómi fjöldans og brutu gegn vilja meirihlutans.

Söguburður og sundrungarstarf

Hentistefnumennirnir runnu af hólmi og gáfust upp gagnvart þeim erfiðleikum sem voru samfara vikublaðinu. Þeir reyndu að þyrla upp gjörningaveðri og breiddu út sögur um leiðandi félaga flokksins og aðra félaga í stað þess að ræða málin á fundum á félagalegan hátt. Þeir mynduðu þröngan hóp samsærismanna í stað þess að víkka út umræðurnar til alls flokksins. Þeir sögðu eitt á fundum en annað utan funda og þegar allur þorri félaganna hélt að baráttan fyrir uppbyggingu STÉTTABARÁTTUNNAR myndi sameina og herða alla félagana, voru þeir að undirbúa sundrungaraðgerðir sínar. Söguburður og pukur leiðir ekki til einingar og á ekki skylt við marxisma-lenínisma. Það er einkenni borgaralegra sundrungarvinnubragða og ósæmandi kommúnistum. Einkenni brotthlaupsliðsins eru einkenni hentistefnunnar, að setja sjálfan sig ofar hagsmunum heildarinnar, að tala á bak í stað þess að ræða vandamálin af hreinskilni, að gefast upp í stað þess að læra af reynslunni og berjast til sigurs, að kljúfa í stað þess að sameina. Slíkt fólk er fjandsamlegt kommúnismanum, sjái það ekki að sér og geri alvarlega sjálfsgagnrýni á afbrot sín. Að brjóta gegn einingunni og sameinuðum vilja flokksins, er að brjóta gegn verkalýðsstéttinni, að velja einstaklingshyggjuna í stað kommúnismans.

Lærum af brotthlaupinu - styrkjum flokkinn.

Kommúnistar notfæra sér reynsluna til að efla starf sitt. Þannig er neikvæð reynsla hentistefnunnar ávallt skóli fyrir alþýðuna og kommúnistana. Félagar flokksins verða að læra af brotthlaupinu og herða baráttuna gegn veilum í lýðræðislega miðstjórnaraflinu og gegn reikandahætti og uppgjafarafstöðu. Við verðum að ganga óhikað til baráttunnar og taka á vandamálunum af festu. Aðalverkefni flokksins er að festa vikublaðið í sessi og treysta grundvöll þess á allan hátt. Flokkurinn verður að afla sér fleiri félaga, sérstaklega úr verkalýðsstétt. Brotthlaupið hefur sýnt, að það er fyrst og fremst menntafólki sem hættir við hringlandahætti og einstaklingshyggju og því verða allir félagar að ræða málin af einurð og hreinskilni, til að eyða öllum efa og óvissu, ef slíkt kemur aftur upp í röðum okkar. Sameinumst gegn hentistefnunni - Styrkjum Kommúnistaflokk Íslands/ML.



ÚR BARÁTTUNNI

Krafa um félagsfund í Dagsbrún

20. janúar síðastliðinn voru stjórn Dagsbrúnar afhentar undirskriftir 114 félagsmanna sem krefjast fundar fyrir 30.janúar. Formaður og varaformaður Dagsbrúnar lofuðu fundi fyrir tilsettan tíma. Það sem við viljum ræða á þessum fundi eru niðurstöður ASÍ þingsins, fræðslustarf og félagsmálin. 2 mánuðir eru liðnir frá síðasta félagsfundi en þar voru 2 mikilvægar ályktanir samþykktar. Önnur þeirra var um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku með ófalsaðri vísitölu. Þessi ályktun fundarins var hundsuð af fulltrúum Dagsbrúnar á síðasta ASÍ þingi. Hin krafan var um útgáfumál. Stjórn Dagsbrúnar er ekki byrjuð að efna þá samþykkt.

Næsti fundur verður mjög mikilvægur, og við skorum þessvegna á alla Dagsbrúnarmenn að fjölmenna.

BSK/-

o

Frá Straumsvík: Samstaða gegn auknu vinnuálagi.

Um daginn ætluðu forsvarsmenn álverksmiðjunnar í Straumsvík að auka vinnuálagið hjá vaktavinnumönnum í steypuskála. Þessi aukning á vinnuálagi fólst í því, að viðkomandi starfsmenn áttu, auk sinnar föstu vinnu, að steypa svonefnda rótarhleifa, en fram til þessa hefur slíkt starf verið unnið af mönnum, sem sérstaklega voru ráðnir á aukavakt til þess. Vaktavinnumenn í steypuskála brugðu hart við þessu og hófu undirskriftasöfnun til að mótmæla auknu vinnuálagi. Náðist alger samstaða meðal starfsmannanna og þegar átti að reyna þetta í framkvæmd af hálfu fyrirtækisins, stóðu þeir allir saman sem einn maður.

Um miðjan janúar náðist svo samkomulag um þetta milli starfsmannanna og fyrirtækisins, þar sem fulltrúar álauðhringsins urðu að gefa eftir verulega. Þetta dæmi er enn ein sönnun þess, að samstaðan er sterkasta vopn verkalýðsins.

o

ASÍ mótmælir.

Fyrir og eftir jól skullu á miklar verðhækkanir á vörum og þjónustu. Hver voru viðbrögð Alþýðusambandsins. Jú harðorð mótmæli eins og svo oft áður. Það er ekki um það að ræða að verkalýðsforystan láti verkin tala og snúist gegn þessum árásum á kjör okkar með aðferðum sem duga. Slíkar aðferðir eru leið baráttunnar, eins og stéttarbræður okkar í Danmörku hafa beitt undanfarið með góðum árangri. Þar svöruðu olíuflutningabílstjórar árásum á kjörin með fyrirvaralausu skæruverkfalli, sem kom á versta tíma fyrir atvinnurekendur og ríkisvald þeirra.

framhald bls. 3

ÁSKRIFTARGJÖLD

Áskriftargjöld STÉTTABARÁTTUNNAR eru sem hér segir fyrir árið 1977:

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift...1000 kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr.

Ársáskrift verður að greiða fyrirfram, þess vegna er hún hlutfallslega ódýrust. Þeir sem eru búsettir erlendis verða að greiða baráttuáskrift, vegna hins dýra sendingargjalds.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.

Akureyri : Nanna Rögnvaldsd. Byggðavegi 88.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík. s. 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.

Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Ragnar Baldursson skrifar frá Peking

Fjórmenningarnir eru niðurrifsmenn



All langt er um liðið síðan ég tók mig síðast til og skrifaði í Stéttabaráttuna. það mun hafa verið um miðjan maí á þessu ári Þá skrifaði ég grein um stéttabaráttuna í Kína. Þar bendi ég meðal annars á að einn af hornsteinum pólitískrar baráttu í Kína er meðvitundin um áframhald stéttabaráttu á tímabili sósíalismans og að innan flokksins komi fram ný borgarastétt sem hlutlægt berst gegn alræði öreiganna, vinnur markvisst að uppbyggingu skrifstofuveldis og að því að eyðileggja tengsl flokksins við fjöldann, einangra hann, brjóta niður byltingarsinnaðar hefðir hans. Að lokum stefnir þessi nýja borgarastétt að algerri og alyfirtækri gagnbyltingu eins og átti sér stað í Sovétríkjunum eftir lát Stalíns. Til þess að þetta megi takast reyna þessir niðurrifsmenn sósíalismans að ná undir áhrifavald sitt hlutum hersins og snúa honum undir forystu framagjarnra hershöfðingja gegn móður sinni, alþýðunni, eins og átti sér stað í Sovét þegar Krússéff klíkan tók völdin.

Í fyrrnefndri grein skrifa ég meðal annars: "Þessi hópur gagnbyltingarsinna felur sig gjarnan undir róttækum vígorðum á meðan þeir treysta sér ekki enn til að hrinda fyrirætlunum sínum í framkvæmd". Einmitt þetta eru höfuðeinkenni þeirrar fjögra manna klíku sem nú hefur verið flett ofan af sem óprútnum fjandmönnum alþýðunnar

Þessar sjálfumglöðu "hetjur menningarbyltingarinnar" eins og þau litu á sig börðust á hinn viðbjóðslegasta hátt gegn bestu hefðum öreigalýðræðisins. Þau þóttust landshorna á milli "á vegum miðstjórnarinnar" (eða e.o. Jiang Qing: "fulltrúi Maós formanns") en voru í raun og veru ekki fulltrúar neinna nema sjálfra sín. Hvar sem þau komu bjuggu þau á dýrustu hótelum og eyddu þúsundum júana án þess þó að þau þyrðu að láta hina vinnandi alþýðu vita um það er þau héldu þrumandi "byltingarræður" sínar. Hvar sem þau komu hvöttu þau til óeiningar og reyndu að safna liði gegn þeim leiðtogum sem fjöldinn hafði fylkt sér um á hverjum stað í sósíalísku uppbyggingarstarfi sínu. Þetta gerðu þau undir yfirskyni "tveggja lína baráttu" þar sem þeirra lína var að sjálfsögðu hin "byltingarsinnaða en voru í raun og veru eingöngu að reyna að koma upp fylgismannaliðum sem síðar skyldi gripið til er þau létu til skarar skríða.

Þau börðust gegn menningarbyltingunni

Allsstaðar þóttust þau vera málsvarar hinnar miklu menningarbyltingar öreiganna, en í raun og veru stóðu þau í fararbroddi til að berjast gegn menningarbyltingunni. Menningarbyltingin beindist gegn borgaralegum rétti, gegn einangrun flokksins frá fjöldanum og lýsti leiðina fram fyrir enn stærri sigrum við uppbyggingu sósíalisma og bættum lífskjörum almennings. Hin svokallaða "menningarbylting" fjórmenninganna var alls ekki fólgin í að brjóta niður borgaralegan rétt heldur að afla hans til handa þeim sjálfum. Fjórmenningarnir höfðu aldrei í huga þarfir og vilja almenningsins, heldur sinntu einungis sínum eigin þörfum og framagirni.

Jiang Qing leitar fylgis

Sem dæmi má nefna að þegar Maó lá á banabeði þá æddi kona hans Jiang Qing um allt til að afla sér og sínum fylgifiskum fylgis meðal leiðandi félaga á hverjum stað, (jafnvel Jiang Qing hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því að henni þýddi ekki að leita til fjöldans). M.a. hélt kerlingin til Da Tsæ (fyrirmyndarbú fyrir öllum landbúnaði kínverja). Þar skammaðist hún sín ekki yfir borgaralegum lifnaðarháttum sínum meira en svo að hún hélt uppteknum hætti beint fyrir framan nefið á alþýðu staðarins. Hún eyddi þúsundum júana í það eitt að láta taka myndir, ekki af bændunum, heldur af sjálfri sér. Greinilega þjónaði slíkt á engan hátt uppbyggingu sósíalismans heldur var eingöngu í þágu framagirni Jiang Qing sjálfrar sem vildi eiga mynd af sér hvar sem hún fór. Að sjálfsögðu vakti slíkt reiði og fordæmingu hinna fátæku bænda staðarins sem líta á uppbyggingu sósíalismans sem hið æðsta markmið sitt. Eftir að Jiang Qing hélt til baka skildi hún eftir myndir og áróðursblöð sem hún ætlaðist til að yrðu sett upp á vegg sem hún hafði reist í þessum tilgangi. Til að sýna vanþóknun sína, rifu bændurnir niður vegginn og settu svínastíu þar upp. Þett er aðeins eitt af ótal dæmum um það hvernig fjórmenningarnir og alþýðan eru í ósættanlegri mótsetningu og hafa alltaf verið.

Pólitík fjórmenninganna

Hið eina sem fjórmenningarnir kunnu í pólitík var niðurrifsstarfsemi. Hana kunnu þeir ágætlega og beittu henni í eigin þágu. Hver sá sem stóð í móti þeim var miskunnarlaust stimplaður endurskoðunarsinni án tillits til hver raunveruleg pólitík hans var. Er alþýðan reis upp til dæmis gegn Teng Shá Ping þá notuðu fjórmenningarnir tækifærið til að losa sig við það sem þeir litu á sem keppinaut og jafnframt til að leiða gagnrýni fjöldans á villubraut og frá því að gagnrýna ranga pólitík Tengs yfir í að ráðast á alla sósíalíska uppbyggingu og hafa algerlega umskipti á svörtu og hvítu.

Réðust gegn Sjú En Læ

Þeir gengu jafnvel svo langt að þeir réðust opið gegn hetju fólksins Sjú En Læ sem vegna hylli sinnar meðal alþýðunnar var þeim þyrnir í augum. Fjórmenningarnir réðust gegn þeirri tæknivæðingu sem Sju En Læ boðaði, þó svo að það sé augljóst að án tæknivæðingar verður sósíalismi aldrei byggður upp og treystur á velli. Enda höfðu fjórmenningarnir engan áhuga á því

Samstarfsmenn Lin Piaó

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem alræði öreiganna beinir augliti sínu til fjórmenninganna fyrir gagnbyltingarstarfsemi. Í menningarbyltingunni voru þeir nánir samstarfsmenn Lin Piaó og mynduðu sameiginlegan hóp í menningarbyltingunni með honum. En þegar Lin Piaó gerði tilraun til valdaráns þá treystu þau sér ekki til að ráðast gegn Maó formanni að svo komnu máli, er þau sáu hversu einangraður Lin Piaó var meðal fjöldans og hvernig fjöldinn fylkti sér um Maó formann. Þau ákváðu að bíða betri tíma og sóru af sér alla þátttöku í gagnbyltingarstarfi Lins. Þau þóttust koma af fjöllum og sögðu að ef þau hefðu vitað að Lin Piaó væri svona þá hefðu þau aldrei starfað með honum.

En samt er það þannig að örfáum árum seinna þegar mesti marxisti-lenínisti síðari tíma lést, þá taka fjórmenningarnir að hugsa sér til hreyfings. Þau settu fram þá kröfu að vera sett í leiðsögn flokks og ríkis, en félagi Maó hafði einmitt séð fyrir möguleika á því að svo myndi fara og varað við þeim um leið og hann lagði til að forysta flokksins og ríkisins skyldi falin dugandi og ákveðnum leiðtoga sem treystandi væri til að hvika í engu frá hagsmunum kínverskrar og alþjóðlegrar öreigastéttar, félaga Hva Gvo Feng.

Alþýðan fordæmir fjórmenningana

Fjórmenningarnir leituðu vítt og breitt eftir stuðningi en fundu engan. Þeir fylgdu fordæmi Krússéffs klíkunnar og leituðu til hersins en kínverski herinn er hluti alþýðunnar, um æðar hans rennur besta blóð kínversks verka- og bændalýðs og honum verður aldrei snúið gegn kínverskri alþýðu svo að einnig þar fengu þau frávísun.

Fjöldinn var kallaður í dómarasæti yfir hinni fjögra manna klíku. Dómur fjöldans er skýr. Hann er stéttardómur öreigastéttarinnar gegn fjandmönnum alræðis hennar. Fjöldinn fyrirlítur fjögra manna klíkuna og hennar líka og þjappar sér þétt saman um hinn nýja leiðtoga sinn sem færir fram vilja og þarfir alþýðunnar.

11/12 Ragnar Baldursson



ÚR BARÁTTUNNI

Framhald af bls. 2
ASÍ mótmælir.

Þeim tókst að hrinda kjaraskerðingarárásunum. Slíkum aðferðum hefur verkalýðshreyfingin hér ekki beitt árum saman. Þvert á móti tekur ASÍ undir sultarsöng atvinnurekenda og ríkisvaldsins um að allir verði að axla hinar þungu byrðar atvinnulífsins, - eða með öðrum orðum, við verkafólkið, en ekki þeir sem arðræna okkar vinnu.

o

Að selja réttindi

Vegna þess að kaupmáttur verkamannalauna er lítill freistast verkamenn á mörgum vinnustöðum til þess að fella niður kaffitíma og skerða matartíma gegn nokkurri kauphækkun í staðinn

Þetta er ákaflega hættulegt. Með þessu erum við að afsala okkur réttindum sem tók áratugi að ná fram.

Hjá Eimskip, Togaraafgreislunni og Rvíkurborg hafa forystumenn Dagsbrúnar reynt að skerða þessi réttindi verkamanna, með samningum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Felldir voru niður kaffitímar hjá Eimskip í dagvinnu eftir hádegi, þrátt fyrir mikla andstöðu hafnarverkamanna. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir samningar um styttingu matartíma hjá Rvíkurborg um helming. Þessu verðum við að berjast gegn, því að við megum ekki selja þau réttindi sem við höfum náð fram í verkalýðsbaráttunni.

BSK/-

o

ATVINNULEYSI HJÁ TRÉSMIÐUM Í REYKJAVÍK

Atvinnuleysi hefur farið ört vaxandi meðal trésmiða í Reykjavík að undanförnu. Þeir sem áður höfðu yfirborgun, hafa nú orðið að sætta sig við að hún verði felld niður og kaupið minnkað. Það er út af fyrir sig ekki það versta, að yfirborganir falli niður. En þetta kennir okkur þá staðreynd, að atvinnuleysið kallar á sundurþykkju meðal verkafólks og samkeppni. Þessvegna er krafan um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku á vísitölubindingu pólitísk krafa sem sameinar stéttina og vinnur gegn sundrungartilhneigingum sem gert hafa vart við sig.

Að neðan er bréf sem Trésmíðafélag Reykjavíkur sendi félagsmönnum sínum. Þetta er merki um að fjöldinn krefst baráttu af fagfélögum sínum.

TRÉSMIÐIR



Takið þátt í umræðu um kjaramál og undirbúning kjarasamninga

Hvernig vilt þú svara árásum ríkisvaldsins á launakjörin?
Hvers eigum við að krefjast?
Hverjar eru þínar tillögur?
Um vikukaup? Um ákvæðisvinnu?
Hvernig eigum við að svara áróðrinum um uppmælingavinnuna?

Um þetta og fleira hefjast umræður á félagsfundi Trésmiðafélags Reykjavíkur miðvikudaginn 26. þm. (sjá bréf) og í hópumræðum í framhaldi af félagsfundinum

Við hvetjum alla félagsmenn til þátttöku

Tilkynnið til TR nafn trúnaðarmanns á vinnustað

Trésmiðafélag Reykjavíkur

Oddvitar íhaldsins

Nú hefur íhaldsflokkurinn tekið upp nýjar aðferðir í sókn sinni eftir erlendri stóriðju á Íslandi. Ekki nóg með að niðjar Sólness gangi fram fyrir skjöldu og lýsi velþóknun sinni á eyðileggingu af völdum stóriðjuvera og óprúttinna auðherra í Japan. Nú hefur alþýðan verið kölluð til liðs líka. Um daginn barst iðnaðarmálaráðherra bréfleg áskorun þess efnis, að oddvitum víða um land þætti fengur í því, að upp væri komið álverum við náttúruundur heimasveita þeirra Ráðherra er gæfur maður og greiðasamur og sendi því bænaskjöl oddvitanna rakleiðis til erlendra auðhringja, sem líklegt væri að vildu hjálpa oddvitunum út úr neyð þeirra. Norsk Hydro hefur því verið beðið að reisa álver við Dyrhólaey og hver veit nema aðrir erlendir auðhringir láti til leiðast að reisa álver víðar um landið, ef oddvitar íhaldsins fara fram á það við ráðherrann?



Gunnar Thoroddsen

framhald af baksíðu

Aðalkrafa BSRB...

ár og verkfall má aðeins heyja að uppsögðum samningum, þ.e. á tveggja ára fresti. Auk þess hafa einstök aðildarfélög BSRB ekki verkfallsrétt, heldur bara stjórn bandalagsins. Þessi skerti verkfallsréttur hefur náðst fram, einvörðungu vegna þess að hann er stjórnarherrunum þóknanlegur og skaðlaus. Þótt ná megi "góðum samningum", eins og oft er sagt, verða þeir ávinningar étnir upp jafnharðan aftur af verðbólgunni, ef ekki er hægt að berjast gegn kjaraskerðingunum jafnóðum. Stefna forystunnar er ótæk og mun ekki leiða til sigurs fyrir félagsmenn í baráttunni.

Aðalkrafan: fullan verkfallsrétt.

Aðalkrafa félagsmanna BSRB er því FULLAN VERKFALLSRÉTT. Ef fullur verkfallsréttur næst ekki, er til lítils að semja aftur í 2 ár, jafnvel þótt samningarnir séu kallaðir "góðir", eins og olíusamningurinn. Það sannar reynslan okkur rækilega. Önnur krafa sem fylgja verður hart eftir í baráttunni sem fram undan er, er krafan um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku og vísitölubindingu launa. Skattfrelsi á þurftarlaun er líka mikilvæg krafa. Þetta eru þau vígorð, sem félagsmenn BSRB verða að bera til baráttunnar sem senn mun hefjast. En þó svo samið yrði um vísitölubindingu launa og hækkun launanna, myndi það verða tekið af okkur aftur, ef ekki kæmi til verkfallsréttur og möguleikar á að berjast gegn kjaraskerðingunum sem á eftir samningunum munu fylgja. Þess vegna er krafan um fullan verkfallsrétt aðalverkefni baráttunnar sem í hönd fer. Sigur þeirrar baráttu fer eftir virkni og samstöðu félaganna. Stöndum þess vegna saman í baráttunni fyrir fullum verkfallsrétti og lífvænlegum launum á 40 stunda vinnuviku.

kennari.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN
2.tbl. 6.árg. 25/1 1977

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l

STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega

Póstfang: Pósthólf 1357, R.vík.

Sími: 27810
Gíró: 27810

Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

Námsfólk - verkafólk

Milli móthverfunnar verkalýðsstétt og borgarastétt eru ýmsir hópar sem innihalda einstaklinga sem taka afstöðu með annarri hvorri stéttinni og þá í baráttu gegn hinni eða flökta á milli eftir þjóðfélagsaðstæðum. Þessum hópum tilheyra menntamenn.

Barátta námsmanna fyrir hærri námslánum og réttlátri úthlutun þeirra er vissulega liður í verkalýðsbaráttunni á Íslandi. Verkamenn hafa alltaf barist og munu alltaf berjast þar til sigur næst fyrir kröfunni um jafnrétti til náms. En sterk samstaða verkamanna og námsmanna næst ekki ef eina baráttukrafan er: hærri námslán. Ætlar námsmaður sem fær góð námslán að styðja verkalýðsstéttina eða þjóna borgarastéttinni? Reynslan sýnir að sumir nota verkalýðsstéttina sem stökkpall í þægilegar "æðri" stöður og arðræna hana síðan og kúga beint eða óbeint. Námsmenn verða að taka af heilum hug þátt í verkalýðsbaráttunni og tengjast þannig verkalýðnum í heiðarlegri gagnkvæmri samstöðu. Verkalýðsbyltingin mun svo sannarlega losa námsmenn við kúgun auðvaldsins. Traust milli verkalýðsstéttarinnar og allra er henni fylgja myndast aðeins gegnum framsækið starf sem miðar að afnámi einkaeignarinnar á framleiðslutækjunum, að alræði öreiganna og síðar stéttlausu þjóðfélagi á Íslandi.

Sá hluti námsmanna sem sýnir sig í því að vilja ekki berjast fyrir verkalýðsstéttina og aðeins krefst hærri námslána til að "koma sér áfram" í auðvaldsþjóðfélaginu er hættulegur verkalýðsstéttinni og mun fljótlega afhjúpa sig. Framsækna fólkið mun ryðja burt afturhalds- og íhaldsöflunum og mynda kommúnískt Ísland.

GHB/-



Þá sögðust EIKm-l vilja einingu, hvað verður nú? Myndin er frá Einingargöngu á Akureyri 1. maí 1976.

HVAÐ VILL EIK(m-l)?

Í janúarblaði Verkalýðsblaðsins málgagni EIKm-l, er veist að Kommúnistaflokki Íslands/ML vegna þess klofnings sem átt hefur sér stað innan flokksins. Í stað þess að fordæma sérhverja klofningsaðgerð, sem sundrar og veikir marxísku-lenínísku hreyfinguna á Íslandi, hrósar EIKm-l happi og telur að flokkurinn sé að hrynja.

EIKm-l ætti að fordæma alla tækifærisstefnu.

Ef EIKm-l væru samkvæm sér og fylgdu hinum leníníska aga af einurð, myndu þau ekki hrósa happi yfir klofningsaðgerðum og sundrungarstarfi hins fámenna brotthlaupshóps. Þau myndu snúast gegn sérhverri starfssemi sem byggir á klíkuskap og baktjaldamakki, hvort sem væri innan KFÍ/ML eða eigin raða. En EIKm-l snúast ekki gegn klofningsbrölti brotthlaupsliðsins, heldur taka afstöðu með starfsaðferðum þeirra og telja að þær séu marxískar-lenínískar. Einingarviljinn nær sem sagt aðeins til orða, en ekki gerða. Ef einingarvilji EIKm-l væri raunverulegur, myndu samtök þessi ráðast gegn röngum og ómarxískum starfsháttum, hvar sem vera skyldi. En hvers vegna gleðjast EIKm-l yfir því að rógur og pukur er tekið í notkun af brotthlaupsliðinu sem reyndi að brjóta KFÍ/ML niður?

Vill EIKm-l sundrungu eða sameiningu?

Það er augljóst mál, að ef EIK ætlar sér að taka klofningshópinn upp á sína arma, eru samtökin að ráðast gegn mögulegri einingu við KFÍ/ML. Því brotthlaupsliðið hefur að yfirlýstum tilgangi, að brjóta flokkinn niður og eyðileggja starf hans. Vilji EIKm-l sameiningu í raun hljóta samtökin að gera sjálfsgagnrýni á heiftúðuga og agalausa árás Verkalýðsblaðsins gegn Kommúnistaflokknum. Þá hljóta þau að fordæma aðgerðir og starfsaðferðir brotthlaupsliðsins. Vilji EIKm-l hins vegar klofning, eru viðbrögð þeirra eðlileg, en þá brjóta þau í bága við allar yfirlýsingar EIKm-l og afhjúpa þau sem sundrungarafl innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi.

Aðalkrafa BSRB verður að vera:



Verkfallsrétt til félaganna

Eins og flestum er kunnugt, er opinberum starfsmönnum ekki heimilt að fara í verkfall en verða að beygja sig undir úrskurð ríkisvaldsins. Lögin sem bönnuðu þeim verkfallsréttinn voru sett 1915, að loknu stuttu verkfalli félags símamanna. Nú á að endurreisa verkfallsrétt BSRB. Spurningin er bara í hverju formi sá verkfallsréttur verður og hversu víðtækur hann verður.

Stefna forystunnar - löghlýðni.

Þótt margt megi finna forystu BSRB til hróss, sérstaklega þó skelegg barátta hennar fyrir samningsrétti opinberra starfsmanna og sköpun tengsla milli forystu og almennra félaga, er aðaleinkennið á starfi hennar stéttasamvinna. Í stað þess að treysta á baráttu fjöldans og grípa til verkfallsvopnsins í víðtækum mæli, hefur hún algerlega treyst á leiðir samninga og makks, til að fá löglega viðurkenningu á "verkfallsréttinum Þessi löghlýðni og eftirgefanleiki við yfirvöldin, hefur leitt til þess, að verkfallsrétturinn, er varla nema orðin tóm, eins og er. Samningstímabilið er 2

Framhald á síðu 3.

Öryggismál í Straumsvík

Í Staumsvík eru nú um 650 starfsmenn og þar er unnin vaktavinna. Flúormengun er mikil á staðnum og starfsmenn kvarta undan menguðu andrúmslofti. Sérfræðingar fylgjast mun betur með mengun í mosa og sauðfé, en með heilsu verkamannanna. Þeir eru skoðaðir annað hvert ár og eins í upphafi starfsferils síns. Læknisskoðunin er þó aðeins til málamynda hvað varðar flúormengun. Í kerskálanum eru sterk rafsvið sem hugsanlega gætu haft skaðleg áhrif á heilsu manna. Til læknisskoðunar er ekki gefið frí nema 1 klst. á launum.

Slysahætta er mikil í Straumsvík og árið 1974 urðu 40 slys sem ollu þriggja daga fjarveru eða meira, árið 1975 voru þau 22 og árið 1976 48. Slysin verða af völdum vatns sem lekur niður í kerin gegn um þökin á kerskálunum. Vatnið veldur sprengingum í kerjunum þannig að menn skaðbrenna sem eru nálægt. Einnig verða slys í sambandi við hættulegar hífingar o.fl. Trúnaðarmaður í Straumsvík hafði samband við Öryggiseftirlit Ríkisins vegna slysahættunnar, en þá voru þeir farnir í frí og sögðust ekki líta við fyrr en einhver hefði slasast. Áður hefur verið sýnt fram á ábyrgðarleysi Öryggiseftirlits Ríkisins og það er kominn tími til að skipta um starfsmenn þar. En lýðræðið er óvirkt á Íslandi og því fá óhæfir menn að sitja í sínum bittlingastöðum án þess að við þeim sé blakað hversu illa sem þeir standa sig.

GHB/-



Frá verkfalli verkakvenna á Akranesi. Myndin er af hluta samningarnefnarinnar við Tollstöðvarhúsið í R.v.k.

Ályktun verkalýðsfélags Akraness

Verkalýðsfélag Akraness samþykkti ályktun á síðasta fundi sínum, sem er mjög í sama anda og þær ályktanir um kjaramál, sem gerðar hafa verið á fundum verkalýðsfélaga og ráðstefnum undanfarið. Samþykktin hljóðar svona: "Fundur haldinn í Verkalýðsfélagi Akraness 15. janúar 1977, ályktar að verkafólk geti ekki lengur beðið eftir kjarabótum til að mæta hinum gegndarlausu álögum stjórnvalda, sem skert hafa svo kaupmátt launa að íslenskum alþýðuheimilum og afkomu þeirra er stefnt í beina hættu. Því skorar fundurinn á ASÍ og stjórn Verkamannasambands Íslands og væntanlega kjaramálaráðstefnu að beita sér fyrir raunhæfum aðgerðum án tillits til þess, að tími kjarasamninga er ekki útrunninn og á þeim forsendum að þrátt fyrir áfangahækkanir og rauð strik hefur kaupmáttur launa hraðminnkað, enda þótt sannað sé að afkoma atvinnuveganna hafi verulega batnað og þjóðartekjur hafi stóraukist "

Þessi ályktun er mjög í anda þeirrar undiröldu, sem fer nú um verkalýðshreyfinguna. Á verkafólk enn að leika sama leikinn og sitja auðum höndum meðan samninganefndirnar makka á hótel Loftleiðum, eða eigum við að taka málin í okkar hendur og fara leið baráttunnar. Þetta eru tvær meginstefnurnar innan verkalýðshreyfingarinnar í dag Forystan og fylgismenn hennar vilja semja og ná áfanga eftir áfanga, en í rauninni eru áfangasigrarnir ávallt étnir upp í verðbólgunni strax að samningum loknum. Kommúnistar vilja skipulagða fjöldabaráttu fyrir lífvænlegum launum á 40 stunda vinnuviku. Baráttuna á ekki að heyja á lokuðum samningafundum, heldur á verkfallsvöktum og almennu fundunum í félögunum. Samninga á ekki að gera, nema félagsmenn hafi kynnt sér málin rækilega áður og geti tekið afstöðu til þeirra. Stéttabaráttan fagnar þessari afstöðubreytingu, sem er að verða meðal almennra félagsmanna hún boðar aukið sjálfstæði og skipulagningu verkafólks í baráttunni. Við hvetjum verkafólk til að senda okkur fréttir af fundum fagfélaga sinna, svo við getum birt þær og þannig flutt verkafólki betri fréttir af þróun mála.

Barátta hjúkrunar fræðinga

Hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp vinnu sinni í stórum stíl, sérstaklega á Vífilsstöðum og á Borgarspítalanum. Framan af naut þessi barátta einnig stuðnings hjúkrunarfræðinga á Landsspítalanum og þar voru fyrirhugaðar fjöldauppsagnir líka. En með dyggri aðstoð og undirróðri formanns hjúkrunarfræðingafélagsins, Ingibjargar, hefur tekist að sá óeiningu meðal hjúkrunarfræðinga og allt hefur verið gert til að reyna að brjóta baráttu þeirra niður. Hjúkrunarfræðingum á Vífilsstöðum var hótað illu og á Borgarspítalanum var sagt að leggja ætti spítalann niður og flytja sjúklingana niður á Landsspítala. Þar er nú talað um undirbúning undir þessa flutninga, en hjúkrunarfræðingar ætla sennilega ekki að segja upp. Uppsagnirnar tóku gildi 1. febrúar en síðan þá hafa hjúkrunarfræðingar unnið refsivinnu, því í lögum um opinbera starfsmenn er ákvæði sem heimilar ráðherra að skipa þeim að vinna þremur mánuðum lengur ef þurfa þykir, eða ef margir segja upp í einu. Þessu ákvæði hefur Matthías beitt og þess vegna verða hjúkrunarfræðingar að vinna 3 mánuði í þegnskylduvinnu. Vonandi láta þeir engan bilbug á sér finna. Stéttabaráttan er reiðubúin að veita þeim allan stuðning í baráttunni og hvetur þær til að sýna samstöðu og halda ótrauðar út í baráttuna. Samstaðan færir sigur og baráttan vekur samúð og stuðning annara hópa vinnandi alþýðu.